

Hægði á fjölgun öryrkja í fyrra

● Aðeins einu sinni hafa nýir öryrkjar verið fleiri en 2018

Teitur Gissurason
teitur@mbl.is

Aðeins einu sinni hafa fleiri einstaklingar fengið úrskurðaða 75% örorku en árið 2018, en það var fyrir tveimur árum, 2016.

Sé örorka metin 75% eða meiri er greiddur fullur örorkulífeyrir mánaðarlega, sem fer eftir tekjum og lengd búsetutíma á Íslandi.

Alls fengu 1.619 einstaklingar úrskurðaða 75% örorku á árinu sem leið og hækkar þessi tala um 118 frá árinu 2017 þegar alls 1.501 einstaklingar fengu úrskurðaða 75% örorku. Þetta kemur fram í upplýsingum frá Tryggingastofnun sem Morgunblaðið hefur undir höndum.

Hlutfallslega færri öryrkjar

Eins og sjá má af grafinu til hliðar hefur nýgengi örorku aukist jafnt og þétt sl. nokkur ár og hefur raunar gert það lengra aftur í tímann, samkvæmt eldri tölum.

Í samtali við Morgunblaðið segir Margrét Jónsdóttir hjá Tryggingastofnun (TR) þessar tölur þó ekki segja alla söguna þar sem hlutfall öryrkja af Íslendingum á aldrinum 18-66 ára hafi lækkað úr 8,2% árið 2017 í 8,1% árið 2018.

Samt sem áður má tala um nokkuð stöðuga fjölgun Íslendinga í hópi öryrkja en sem dæmi töldu öryrkjar um 7% af fjölda Íslendinga á sama aldrarsbili árið 2009.

Spurð um þetta segir Margrét nú einfaldlega vera fleiri umsóknir um örorku en það sem áður var og nefnir að úrskurðir um örorku vegna geðraskana hafi aukist á seinustu árum, en sem dæmi voru þeir alls 501 á seinasta ári.

Fleiri eru í virkni


Margrét segir þó jákvætt að nú séu fleiri sem nýti sér endurhæfingarráðgjafi heldur en áður. Hún nefnir að árið 2018 hafi fleiri verið með endurhæfingarlífeyri heldur en nokkru sinni fyrr, og það sé jákvætt í ljósi þess að fleiri séu því í virkni.

Hún telur að vinna TR við að beina fólki frekar í endurhæfingarráðgjafi heldur en beint á örorkubætur hafi valdið því að þrátt fyrir að öryrkjum hafi fjölgað á síðustu árum hafi nú hægt á fjölguninni, en eins og áður segir voru 8,1% Íslendinga öryrkjar árið 2018 en 8,2% árið 2017.



Morgunblaðið/Valli

Landinn 8,1% landsmanna eru öryrkjar, samkvæmt nýjustu tölum.



Öryrkjar á Íslandi

» Flestir sem fengu úrskurðaða 75% örorku í fyrra þjáðust af geðröskun og næstflestir af stoðkerfissjúkdómum.

» 729 örorkulífeyrisþegar fóru í fyrra yfir á ellilífeyri og 181 í hópnum lést.

» 18.220 fengu greiðslu vegna örorkulífeyris í desember.

„Flestir sem nú eru á örorkubótum hafa farið í gegnum einhvers konar endurhæfingarferli,“ segir Margrét og bendir á að einungis þeir sem eru með alvarlegustu sjúkdómum fari á örorkubætur.

Sem fyrr er hlutur kvenna stærri en karla í hópi öryrkja, en sem dæmi voru 10,2% kvenna á Íslandi öryrkjar í desember 2018, en 6,1% karla og er það svipað og verið hefur seinustu ár. Margrét segir að ekki liggi fyrir rannsóknir eða greiningar á því hvers vegna kynjaskipting er með þessu hætti.